



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. febrúar 2018..

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (stafrænt kynferðisofbeldi) , þskj. 37, 37. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög. Lagt er til að á eftir 210. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verði bætt við gr. 210. c, sem taki til stafræns kynferðisofbeldis.

Áður hafa verið lögð fram frumvörp á Alþingi um breytingu á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga hvað varðar bann við hefndarklámi. MRSÍ fagnar því að nú skuli rætt um stafrænt kynferðisofbeldi í stað hefndarkláms því bæði er að oft er efni sem sýnir einstakling á nakinn eða á kynferðislegan hátt, sem dreift er án hans samþykkis, ekki dreift í hefndarskyni sem og að hér er athæfið kallað réttu nafni, þ.e. kynferðisofbeldi.

MRSÍ veltir því þó fyrir sér hvort ákvæðið sé ekki of almennt orðað. Í frumvörpum sem hafa verið lögð fram á fyrri þingum hefur verið lagt til að gera refsivert að flytja inn, afla sér eða öðrum, birta eða dreifa myndefni, kvikmyndum, ljósmyndum eða sambærilegum hlutum sem sýna einstakling nakinn eða á kynferðislegan hátt, án samþykkis þess er á myndunum er. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er einungis talað um dreifingu mynd- eða hljóðefnis. Að mati MRSÍ færi betur á því að halda fyrra orðalagi svo ljóst sé að fleiri þættir falli hér undir en dreifing, og mætti bæta við að búa til eða breyta myndefni því oft er myndefni breytt þannig að höfði einstaklings er skeytt við nakinn líkama, jafnvel í kynferðislegum athöfnum eða efni skeytt saman á einhvern hátt sem fallið gæti undir ákvæði um stafrænt kynferðisofbeldi.

MRSÍ fagnar því að lagt er til að hámarksrefsing við stafrænu kynferðisofbeldi verði sex ár þegar brot er framið af ásetningi. Svo sem segir í greinargerð með frumvarpinu þá er ljóst að stafrænt kynferðisofbeldi hefur alvarlegar afleiðingar og með beitingu þess er vegið með mjög alvarlegum hætti að persónu og frelsi brotþola.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Loks vill MRSÍ benda á að stór hluti brotþola starfræns kynferðisofbeldis sem og gerendur í slíkum málum eru ungir að árum, jafnvel enn á barnsaldri. Því verður vart tíundað mikilvægi þess að fræða ungt fólk um áhrif þess að dreifa nektarmyndum og öðrum kynferðislegum myndum, svo þau átti sig á þýðingu slíkra brota og þeim alvarlegu afleiðingum sem þau geta haft.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri